

Grein eftir Andrés Magnússon geðlækni

Hægt er að viðhalda miklu þjóðfélagslegu óréttlæti ef ákveðnir annmarkar eru á upplýsingaflæði til almennings. Hérlandis á þetta sérstaklega við um þá ímynd sem haldið er að almenningi varðandi íslensk bankamál. Á Íslandi er umræða um alls kyns samfélagsmál og álitamál. Eitt er þó sem ekki má tala um nema í mjög jákvæðum tón, og alls ekki reyna að kryfja til mergjar, en það er “Hið íslenska efnahagsundur”. Erlendis tíðkast opin umræða um kosti og galla ýmissa efnahagsaðgerða. Umræðan er “balanced”, kostir og gallar dregnir fram, báðar hliðar málanna skoðaðar. Hér á Íslandi er aldrei gagnrýnin umræða um “Efnahagsundrið” svokallaða, heldur er umræðan um hana alltaf jákvæð. Ferns konar annmarkar eru á upplýsingunum um íslensku bankana:

- Takmörkuð og mjög tempruð umræðu um þjóðfélagslega óréttlætið sem tengist geysiháum bankavöxtum.
- Athyglinni er beint frá áþjón almennings með því að stöðugt fjalla á mjög jákvæðan hátt um bankana þannig að reiðin beinist ekki gegn þeim.
- Búin eru til mjög gildishlaðin orð og hugtök sem koma í veg fyrir gangrýna hugsun og spurningar.
- Höfðað er til þjóðerniskenndar.

1. Takmörkuð og mjög tempruð umræða um þjóðfélagslegt óréttlæti sem tengist geysiháum bankavöxtum.

Vextir á húsnæðislánnum á Íslandi eru nálægt 15%, en í nágrannalöndum okkar 4 til 5%, líka í bönkum sem Íslendingar hafa keypt í nágrannalöndunum. Munurinn er ca 10% á ári, og þessi vaxtamunur milli Íslands og nágrannalöndanna hefur verið til staðar í mörg ár eða áratug. Láta mun nærri að hver fjölskylda á Íslandi skuldi að meðaltali 10 milljónir í húsnæðislán. 10% af 10 milljón krónum er ein milljón krónur á ári, það er sú upphæð sem við greiðum aukalega fyrir að vera í viðskiptum við íslenska en ekki erlenda banka. Það þýðir að hver íslensk fjölskylda greiðir að meðaltali um eina milljón króna á ári algerlega að óþörfu til íslenskra banka. Ef tekið er inn í reiknisdæmið vaxtavextir, lausaskuldir og skuldir verslunarinnar í íslenskum krónum (sem velt er yfir á neytendur) þá má sennilega tvöfalda þessa upphæð. En það sem er svo sérstaklega sárt við þetta er að það er nánast engin umræða um þessa áþjám. Það er kannske ekkert undarlegt þegar þess er gætt að afar fáir aðilar ráða fjölmiðlamarkaðnum á Íslandi, og þessir aðilar eru nátengdir fjármálagálfum landsins. Hví ættu þeir að skrifa neikvætt um viðskiptalífið sitt, það myndi kannske leiða til þess að hlutabréfaverð lækkaði eða að almenningur myndi ekki samþykkja að borga hina háu bankavexti sem er undirstaða “hinnar glæstu útrásar”? Enda líkjast sum íslensk viðskiptablöðin fyrst og fremst auglýsingabæklingum þar sem engin gagnrýnin umræða fer fram. Dæmigerð grein er t.d. að fulltrúar bankanna skrifi greinar um að vextir þurfi áfram að vera háir og að við komumst ekki af án verðtrygginga o.s.fr. Þó að einstaka óbreyttur Íslendingur reyni að fá birta aðsenda grein um þessi mál, þá mega stöku pistlar sín lítils. Ritsjórar og fréttastjórar ráða yfir herskara af blaðamönnum og fréttamönnum, aðsendu greinarnar drukkna vegna þess að ritsjórnir og fréttastjórnir láta aldrei taka upp beinskeytta umræðu um vaxtaáþjám, beina kastljósinu aldrei að vaxtareinokunaraðstöðu bankanna. Og það sem meira er, háskólamenn í viðskiptafræðideildum, hagfræði og víðar taka heldur ekki upp neina gagnrýna umræðu um þessa vaxtaáþjám, þetta séríslenska ok á herðum almennings. Þeir eru uppteknir við að upplýsa almenning um alla þá hagsæld sem hlýst af hinni glæstu útrás.

Hvenær birtast viðtöl í fjölmiðlum við venjulega launþega sem hafa orðið gjaldþrota? Hvenær eru birt viðtöl við fólk sem hefur verið að borga stóran hluta af höfuðstól lánsins á hverju ári en lánið minnkar samt ekkert? Hvenær er kastljósinu beint að blessuðu börnunum sem nánast aldrei sjá foreldrana sína því þeir þurfa að vinna geysilega yfirvinnu til þess að borga af húsnæðislánunum? Slíkar fréttir birtast margfallt sjaldnar heldur en viðtöl við forstöðumenn greiningadeilda bankanna. Samt eru þessir venjulegu Íslendingar þúsund sinnum fleiri heldur en bankamennirnir sem sífelldu eru teiknaðir upp sem hetjur í fjölmiðlunum. Þótt að ofsagróði þeirra sé bara tilkominn af því að þjóða Íslendingum hér þrefallt hærri vexti heldur en þeir þjóða viðskiptavinum sínum erlendis. Þess ber að geta að vegna þess hversu íslensku bankarnir eru hæfir og traustir, þá fá þeir fjármagnið fyrir útlánunum sínum á sömu kjörum og erlendu bankarnir, þannig að þeir ættu að geta lánað á sömu kjörum en ekki þrefallt dýrara. Ef þeir hefðu þurft að fá lánin sín á dýrari kjörum en erlendir bankar þá væru hvorki bankarnir þeirra traustir né bankastjórnir snjallir.

Af þessu sést að upplýsingum og umræðu um grafalvarlegt þjóðfélagsmeið er haldið frá þjóðinni, tölulíður 1. að ofan er til staðar.

2. Athyglinni er beint frá áþján almennings með því að stöðugt fjalla á mjög jákvæðan hátt um bankana og þannig að reiðin beinist ekki gegn þeim.

Þó svo að meðal fjölskylda á Íslandi þurfi að auka tekjur sínar um allt að þremur milljónum á ári til þess að brúa muninn á því sem greiða þarf fyrir íbúðarlán á Íslandi miðað við útlönd, ríkir samt ekki mikil gremja út í íslensku bankana. Það er ekki bara vegna þess að umræðan um vaxtamuninn milli Íslands og útlanda kemst aldrei í hámaili í fjölmiðlum, heldur ekki síður vegna þess að stöðugum, þungum straumi af jákvæðri umfjöllun um bankana er haldið að íslenskum almenningi. Gildishlaðin orð eins og “Íslenska efnahagsundrið”, “Efnahagsæfintýrið”, “Hin glæsta íslenska Útrás” o.s.fr. eru notuð í allri umfjöllun um hina íslensku banka. Stöðug viðtöl birtast við forstöðumenn bankanna þar sem þeir mæra eigin störf, og segjast leiða mikla búsæld yfir alla þjóðina. “Íslendingar hasla sér nú stöðugt völl erlendis”, “yfirtaka íslendinga á erlendum fyrirtækjum...”, “ótrúlegur árangur íslenskra” er það sem sífellt heyrir í fjölmiðlum; og við fyllumst þjóðarstolti. Stöðugt er endurtekið að bankarnir séu mikill búhnykkur fyrir þjóðarbúið og allan almenning. Og þegar berast fréttir af því að tveir af framámönnum bankanna hafi verið með einn og hálfan milljarð í árstekjur, þá er það aldrei tengt því að auðvitað myndast gífurlegur gróði við hina himinháu séríslensku bankavexti, heldur eru dregnar upp glæsimyndir af bankastjórunum í fjölmiðlunum. Íslenskir bankamenn eru eins konar ofurmenni, og við þessir venjulegu íslendingar viljum trúa því vegna þess að undir niðri er jú skýringin á snilli bankamannanna sú að þeir eru Íslendingar. Og við sjálfir erum líka Íslendingar. Mörgum hefur gengið erfiðlega að skilja hvers vegna einmitt íslenskir bankamenn séu öðrum þjóðum fremri þar sem lítil sem engin hefð eða þekking hefur verið á alþjólegri bankastarfsemi á Íslandi. Fjölmiðlar segja okkur að skýringin sé sú að boðleiðir eru hafðar svo stuttar og greiðar hjá íslenskum bankamönnum. Þá vaknar spurningin hvers vegna aðrir bankar taka ekki upp þennann hátt líka fyrst hann er auðsjáanlega svo miklu fremri. Það er jú eðli alls einkareksturs að þær aðferðir sem ganga best og skila mestum árangri eru strax teknar upp af öðrum.

Ef reynt er leiða hjá sér þá mynd sem dregin er upp af “Hinni glæstu útrás” í fjölmiðlum og þess í staðin sjónum beint að hlutlausum, beinhörðum hagtölum Seðlabanka Íslands, þá kemur allt önnur mynd í ljós: (sedlabanki.is; Hagtölur; Erlend staða; Tímaraðir-Erlend staða þjóðarbúsins og Erlend staða þjóðarbúsins og þáttatekjur (Peningamál, 2. hefti 2007).

Hið fyrsta sem blasir við er hvernig nettóeignarstaða Íslands hefur þróast síðan “Útrásin” hófst (Tafla 1.)

M.kr. í árslok	1990	1995, IV	2000, IV	2002, IV	2004, IV	2005, IV	2006, IV	2007, III
Hrein staða við útlönd / <i>International investment position</i>	-166.673	-225.974	-458.835	-562.030	-626.597	-865.618	-1.391.412	-1.377.303


(tafla 1)

Tölurnar stækka með hverju árinu og virðast fyrst í stað styrkja kenninguna sem okkur þykir svo vænt um að eignir Íslendinga séu alltaf að aukast, fyrst og fremst vegna kaupa okkar á erlendum eignum og fyrirtækjum. En svo rekur maður augun í það að mínustala er fyrir framan allar tölurnar. Það er semsé engin útrás í gangi og hefur aldrei verið; það er nær að tala um innrás. Eina útrásin sem virðist hafa átt sér stað er í lánadeildir erlendra stórbankanna. En “Útrásin” á að hafa verið stórkostleg

lyftistöng fyrir íslenskan efnahag. Hér er komin lausn á fjárhagsvanda allra landa: Taka lán erlendis til þess að kaupa eignir erlendis, það er gott fyrir efnahaginn þótt eignirnar séu verðryrari en lánin, og lánin hækki hraðar en verðgildi eignanna. Það er óþarfi að taka fram að engin vitræn umræða hefur farið fram um þessi mál í íslenskum fjölmiðlum.

Mynd 6

Hrein erlend staða og hrein erlend skuldastaða nokkurra þróaðra ríkja í árslok 2005¹



1. Tölur fyrir Ísland eining fyrir árið 2006.
Heimildir: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, heimastöður erlendra seðlabanka og hagstofa, Seðlabanki Íslands.

Finnst almenningi umfjöllun íslenskra fjölmiðla um hin “Glæstu uppkaup íslendinga erlendis” vera í samræmi við veruleika súluritsins hér að ofan? Hrein staða Íslands var neikvæð um 122% en hrein staða án áhættufjármagns var nálægt 200% af vergri þjóðarframléiðslu. Aðeins eitt land í heiminum hefur hærri hluta af erlendum fjárfestingum sínum í áhættufjármagni. Erlendar skuldir innlánsstofnana voru 82% af erlendum skuldum íslendinga.

Hin geypilega neikvæða eignarstaða Bandaríkjanna er mikið áhyggjuefni út um allan heim. Hún er þó hreint smáræði miðað við neikvæða eignarstöðu Íslands. Á ári hverju þegar skattskráin er birt, rekur fólk í rogastans þegar það sér að íslenskir bankamenn eru með mörg hudruð milljónir í árstekjur. Eitt andartak, eitt brot úr sekúndu tengja menn það við að lánin á Íslandi eru að minnsta kosti þrefallt dýrari en í nágrannalöndunum. En strax fara að birtast í fjölmiðlum lofgreinar um hversu snjallir íslenskir bankamenn eru, og hversu miklum árangri þeir eru að ná og að þeir eigi þessi laun þess vegna fyllilega skilið. En ef við yfirgefum um stund glansmyndina sem dregin er upp af bankamönnunum í þeirra eigin fjölmiðlum, og lítum þess í stað á beinharðar tölur frá Seðlabankanum þá birtist allt önnur og dekkri mynd:

Slóðinn á heimasíðu Seðlabankans hér að ofan er m.a. inn á skýrsluna: Erlend staða þjóðarbúsins og þáttatekjur eftir Daníel Svavarsson og Pétur Örn Sigurðsson. Þar getur að lesa orðrétt: Í Bretlandi,

líkt og á Íslandi hafa bæði skuldir og eignir þjóðarbúsins vaxið gífurlega á undanförunum árum. Þrátt fyrir þrálátann viðskiptahalla hefur hrein erlend staða ekki versnað. Skýringin er að ávöxtun erlendra eigna Bretar hefur að meðaltali verið 2% hærrí en ávöxtun erlendra skulda í Bretlandi. Á Íslandi hefur einnig verið gífurlegur vöxtur í erlendum eignum og skuldum. Hér hefur hins vegar orðið mikil versnun á erlendra skuldastöðu sem skýrist aðalega af því að íslenskir fjármálamenn hafa ekki kunnað að ávaxta fé sitt erlendis í sama mæli og Bretar. (Einhverra vegna hefur þessi staðreynd ekki ratað í íslenska fjölmiðla). Á meðan viðskiptavit Breskra fjármálanna í erlendum fjárfestingum vegur upp Breska viðskiptahallann, þá sýnir mynd 9 í áðurnefndri skýrslu að hrein íslensk eignarstaða versnar hraðar en íslenski viðskiptahallinn. Ennfremur segir orðrétt í skýrslunni: Bein fjárfesting Bandaríkjamanna erlendis skilar rúmlega tvöfalt hærrí ávöxtun en beinar fjárfestingar erlendra aðila í Bandaríkjunum. En hversu miklu hærrí ávöxtun skila fjárfestingar Íslendinga erlendis miðað við fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi? Áðurnefnd skýrsla svarar því: Meðalávöxtun beinna fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi var 32,4% árið 2004, 31% 2005 og 23,2% 2006. Meðalávöxtun af beinni fjárfestingu íslenskra aðila erlendis var á sama tíma 7,6%, 13,5% og 9,9% eða u.þ.b. þriðjungur. Með öðrum orðum, á meðan meðal bandarískur fjárfestir nær helmingi hærrí ávöxtun erlendis en erlendir fjárfestar ná í heimalandi hans, nær íslenskur fjárfestir erlendis aðeins einum þriðja af þeirri ávöxtum sem erlendir aðilar ná í hans heimalandi. Sé þessi mælikvarði notaður (2/1 : 1/3) sést að íslenskir fjármálamenn hafa að meðaltali einn sjötta af viðskiptaviti Bandaríkjamanna. Réttlætir það ofurlaun bankastjóranna? Eða eru ofurlaun tilkomin vegna þess að bankamennirnir selja Íslendingum a.m.k. þrefallt dýrari lán heldur en viðskiptavinum sínum erlendis? Svo ekki verði um villst segir skýrsla Daníels Svavarssonar og Péturs Arnars Sigurðssonar orðrétt: “Þrátt fyrir að tekjur af beinum fjárfestingum Íslendinga erlendis séu umtalsverðar hafa þær ekki dugað til að vega upp á móti gjöldum til erlendra aðila af fjárfestingum þeirra í innlendum félögum.”(Bl.s. 67) Semsagt, það er innrás í Ísland, hlutlausar hagtölur segja þveröfugt við þá ímynd sem dregin er upp í fjölmiðlum. Það er alvarleg brotalöm á lýðræði. Sérstaklega þegar þess er gætt að þetta er notað til þess að beina athyglinni frá því að drýgsta tekjulind bankanna, og undirstaða sjálfsskammtaðra ofurlauna, er vaxtaþjón á íslenskan almenning. Töluliður 2. að ofan er til staðar.

Margt fleira athyglisvert getur að lesa í skýrslunni. Til dæmis það að þótt skattaumhverfi fyrirtækja sé einstaklega hagstætt á Íslandi þá dugar það ekki íslenskum viðskiptamönnum; (Bl.s. 68) “Færst hefur í vöxt að íslensk fyrirtæki og einstaklingar færi hlutabréfaeign sína til útlanda beinlínis í því skyni að komast hjá því að greiða skatt af söluhagnaði hlutabréfa.” Og “Lágt tekjuskattsþrep á fyrirtæki á Íslandi virðist því ekki duga”. Það er semsagt ekki nóg að hafa lágt tekjuskattsþrep og borga lítið til samfélagsins heldur vilja þeir alveg komast hjá því að borga nokkurn skapaðann hlut til samfélagsins. Þetta atriði hefur alveg gleymst þegar umræðan geysar um alla þá velsæld sem fjármálamenn færa íslenska þjóðarbúinu.

3. Búin eru til mjög gildishlaðin orð og hugtök sem koma í veg fyrir gagnrýna hugsun.

Einn þáttur í áróðursstríði ráðandi aðila til þess að almenningur sætti sig við mannréttindabrot er að búa til ný orð, hugtök og frasa. Þeir eru hannaðir til þess að réttlæta og kæfa niður andóf og gagnrýna hugsun. Þetta er best þekkt í stríðsáróðri, en kemur fyrir miklu víðar. Úr samtímanum er t.d. þekkt: “Weapons of mass destruction”, “Axis of evil” og “War on terror”. Sambærileg orð úr íslenskum samtíma eru: “Íslenska efnahagsundrið”, “Íslenska Efnahagsæfintýrið”, “Hin glæsta íslenska Útrás”, “yfirtaka Íslendinga á erlendum fyrirtækjum” og fleiri. Sérlega áhrifamikil er að höfða til þjóðerniskenndar, enda fékk Gunnar syndafyrirgefningu í 1000 ár fyrir yfirganginn, samningsrofin og lögleysuna með hinum hnitmiðuðu orðum: “Fögur er hlíðin....” Eins og sýnt var fram á í fyrri hluta þessarar greinar þá eiga orð eins og “Útrás” og “Efnahagsundur” engan rétt á sér, þau eru hreinn skáldskapur. En þegar þessi orð eru endurtekin nógu oft þá fær þjóðin á tilfinninguna að allt leiki í lyndi og að ekkert sé að íslenska bankakerfinu. Blákaldar staðreyndirnar falla í skuggann en þær eru: Ef Íslendingar hefðu haft sambærileg lánakjör og nágrannaþjóðirnar væru tveir þriðju hluti þeirra búnir að greiða upp lánin sín að fullu með núverandi greiðslubyrði. Með öðrum orðum; aðeins þriðjungur þeirra Íslendinga sem nú eru að borga af lánum sínum væru ennþá með húsnæðislán ef vextir í landinu hefðu verið eðlilegir.

4. Höfðað er til þjóðerniskenndar.

Vissulega blandast þjóðerniskennd inn í umræðuna um bankana. Í fjölmiðlum hefur mátt lesa: “Nú ganga Íslendingar stoltir um götur Kaupmannahafnar, þeir bera höfuðið hátt í hinni fornu höfuðborg”. Og: “Það gerir ekkert til að tapa fyrir Dönum í handbolta, við erum hvort eð er að leggja þá að velli með eignaryfirtöku”. Yfir höfuð gerir ekkert til að tapa íbúðinni sinni á nauðungaruppbóði bankanna hér heima, bara ef þeir kaupa íbúðir í Danaveldi fyrir ágóðann. Og hin yfirnáttúrulega fjármálasnilli íslendingana skýrist helst af því að þeir eru fæddir íslendingar. Yfirburðaeðlið er nátengt hinu séríslenska; áræði, snarræði, þor og gáfum. Okkur hlýnar um hjartarætur, við erum þeir. En því miður er það hér sem endranær, þjóðerniskenndin hefur aðeins nýttst til forheimskan þjóðanna. Staðreyndin er að íslensku bankarnir fá fyrirhafnarlaust u.þ.b. 200 milljarða á ári upp í hendurnar vegna hávaxtastefnu sinnar, þeir reyna að ávaxta þessa upphæð erlendis en geta það ekki heldur glutra því öllu niður eins og tölurnar frá Seðlabankanum sýna. Láta mun nærri að skuldir hvers heimilis vegna klaufalegra fjárfestinga íslenskra bankamanna síðustu 10 árin sé 14 milljónir (Tafla 1.). Þar við bætast 2 milljónir á ári vegna vaxtamismunarins, alls kr. 34 mill. per heimili síðustu 10 ár.

5. Niðurstaða og spurningar.

Niðurstaðan af því sem hér hefur verið ritað, og sundurgreint í tölulið 1 til 4, er að alvarlegt þjóðarmein, vaxtaáþján, er látið viðgangast. En hið grafalvarlega í þessu máli er að meininu er viðhaldið með aðferðum sem benda til þess að veruleg brotalöm sé á íslensku lýðræði, nefnilega skortur á upplýsingum og umræðu.

Eftirtöldum spurningum þarf að svara:

1. Á fyrri hluta tíunda áratugarins, þegar bankar voru einkavæddir, varð gífurleg lækkun á vöxtum í Evrópu, fara þurfti 100 ár aftur í tímann til þess að finna jafn lága vexti. Á sama tíma varð sáralítil vaxtalækkun á Íslandi. Hvers vegna hækkuðu vextir hlutfallslega svo mjög á Íslandi miðað við önnur lönd á þessum tíma?
2. Yfirleitt eru hugsjónafélög lögð niður eða róttækt breytt þegar þau hafa ekki lengur neitt hlutverk og/eða þegar reksturinn gengur illa. Þessi skilyrði voru ekki til staðar þegar Sparisjóðirnir voru einkavæddir. Þvert á móti gékk rekstur þeirra sérdeilis vel, og hlutverk þeirra hafði aldrei verið mikilvægara þar sem bankavextir voru óviðráðanlega háir og sparisjóðirnir gátu lánað á lægri vöxtum (vegna þess að það var mikill tekjuafgangur á rekstri þeirra).
3. Hvað hefur orðið af margboðuðum útreikningunum hagfræðideildar H.Í. af þjóðhagslegum ávinningi útrásarinnar?
4. Hví hafa tölurnar frá Seðlabankanum um stöðuga versnun eignarstöðu Íslands aldrei náð inn í fjölmiðla en sífellt er þjóðinni talin trú um að íslendingar séu að eignast verðmæti erlendis? Hví er engin umræða í fjölmiðlafræðum og blaðamannafélaginu um hvort eignarhald fjölmiðlanna hafi áhrif á skrif um fjármál og vaxtamál?
5. Hver er kostnaður almenningis af að hafa íslensku krónuna? Hvað myndi sparast ef almenningur fengi greitt í evrum og hægt væri að taka evrulán án gengisáhættu? Hvað myndi sparast með aukinni verðsamkeppni erlendis frá- og aukinni verðvitund ef evran yrði tekin upp? Hver er hagstjórnarmáttur krónunnar, hver er ágóðinn við að hafa hana og hví er ekki reynt að setja þessar stærðir inn í reiknilíkan?
6. Nú hefur gífurlegum eignum verið komið á fáar hendur á Íslandi, og samkvæmt frjálsbyggjukeningum á það að leiða til aukinnar hagsældar alls almenningis. Hafa þessar kenningar reynst réttar? Hvað hafa ráðstöfunartekjur aukist mikið þegar tekið hefur verið tillit til greiðslubyrði vegna ofurvaxtanna íslensku?

Tveir dánumenn hefðu orðið verulega vonsviknir ef þeir hefðu frétt af framistöðu Háskólanna á Íslandi í þessum málum, en það eru þeir félagarnir Platón og Jón Sigurðsson. Platón, stofnandi háskóla, var á móti mötun, en hvatti til umræðu og sjálfstæðrar hugsunar. Jón Sigurðsson var á móti verslunareinokun og því að miklu hærra verð þyrfti að greiða fyrir vörur á Íslandi en í Danmörku. Hann trúði því að ef íslendingar eignuðust eigin háskóla og vel menntað fólk, þá yrði ekki hægt að selja vörur einsog lán þrefallt dýrara á Íslandi en í nágrannalöndunum. En þar skjátlaðist honum. Menntunarstig þjóðarinnar virðist vera þannig að árum saman er hugmyndin um “Útrás” tuggð upp á þess að nokkur maður, hagfræðingur, fjölmiðlafræðingur, stjórn málafræðingur, lögfræðingur eða viðskiptafræðingur, hirði um að kanna frumheimildirnar hjá Seðlabanka eða Hagstofu.